

Iðnaðarráðuneyti.
Iðntæknistofnun Íslands

Fjármálastjóri

Fjármálaráðuneytið, 23. júlí 1990.

F. h. r.

Birgir Guðjónsson.

Sigrún V. Ásgeirsdóttir.

Nr. 325

25. júlí 1990

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðureyrar.

1. gr.

Hitaveitan selur varma úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Suðureyrar.

2. gr.

Heitavatnsrennsli til hitunarkerfa húsa, neysluvatnslagna, iðnaðarkerfa o. fl., skal mælt með rúmmetramælum og greitt fyrir varmanotkunina samkvæmt þeirri mælingu. Jafnframt skal greitt fast árgjald sem innheimt verður mánaðarlega.

3. gr.

Fyrir afnot af allri heitavatnsnotkun skal greiða varmagjald (orkugjald) samkvæmt rúmmetramæli að viðbættu fastagjaldi fyrir hvern rúmmetramæli.

A. VARMAGJALD:

Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 108,00

B. FASTAGJALD:

Fastagjald fyrir hvern rúmmetramæli.

B.1	Fyrir mæla til og með 3/4“	kr.	917,00
B.2	Fyrir mæla 1“ -2“	kr.	1 835,00
B.3	Mælastærð stærri en 2“	kr.	3 670,00

4. gr.

C. HEIMÆÐAGJÖLD:

Heimæðagjöld skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

C.1	Fyrir hús allt að 400 rúmmetra	kr.	133 000,00
C.2	Fyrir hús stærri en 400 rúmmetra	kr.	133 000,00
	að viðbættum	kr.	100 00
	fyrir hvern rúmmetra umfram 400.		

Í stofngjaldi er innifalin ein heimæð á lóð allt að 30 metrar að lengd, talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituæðin kemur að viðkomandi lóð.

C.3	Mælagrindargjald	kr.	25 100,00
C.4	Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð umfram 30 m lengd frá lóðarmörkum	kr.	2 350,00

5. gr.

D. ÖNNUR GJÖLD:

D.1	Innheimtugjald (lokunargjald)	kr.	1,680,00
D.2	Mælaálesturgjald (aukaálestur)	kr.	1,248,00

6. gr.

Af húsrými með þilofnahitun eða rafgeislahitun (bein hitun) skal greiða 50% stofngjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

7. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, í samræmi við breytingar á nefndri vísitölu, enda séu breytingarnar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. ágúst 1990 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 314, 24. júní 1988.

Iðnaðarráðuneytið, 25. júlí 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ**Hitaveitu Suðureyrar.****I. KAFLI.****Rekstrarform.**

1. gr.

Hitaveita Suðureyrar er sjálfstætt fyrirtæki, sem Suðureyrarhreppur á og starfrækir. Hér eftir nefnd hitaveitan.

2. gr.

Tilgangur hitaveitunnar er að afla og veita varma um hitaveitusvæði sitt og reka aðra þá starfsemi sem tengist varmavinnslunni og varmasölnunni.

3. gr.

Hitaveitusvæði hitaveitunnar er lögsagnarumdæmi Suðureyrarhrepps.

Hitaveitan hefur einkarétt til dreifingar og sölu varma til notenda á hitaveitusvæði sínu.

4. gr.

Yfirstjórn hitaveitunnar er í höndum hreppsnefndar Suðureyrarhrepps, en stjórn hennar skal falin veitunefnd.